

Icelandair Group hf.
Reykjavíkflugvelli
101 Reykjavík

Efni: Yfirlit yfir helstu skilmála ríkisábyrgðar á lánsfjármögnun

Heimsfaraldur kórónavíruss hefur leitt til þess að rekstrargrundvöllur flugstarfsemi hefur brostið í veigamiklum atriðum. Staða flugfélaga um allan heim hefur farið hríðversnandi í kjölfar útbreiðslu faraldursins og takmarkana á ferðum og ferðafrelsi. Icelandair Group hf. hefur ekki farið varhluta af þessari þróun en félagið hefur verið burðarásinn í flugsamgöngum til og frá landinu.

Icelandair Group hf. hefur kynnt fyrir hagaðilum áætlun um fjárhagslega endurskipulagningu og rekstur félagsins næstu árin. Áætlun félagsins gerir meðal annars ráð fyrir að félagið fái lánalínur frá viðskiptabönkum sínum, Landsbankanum hf. og Íslandsbanka hf., með ábyrgð ríkisins að hluta.

Að neðan eru helstu skilmálar fyrir mögulegri ábyrgð ríkisins, að hluta, á lánalínum sem viðskiptabankar Icelandair Group hf. eru reiðubúnir að veita félaginu sem lið í fjárhagslegri endurskipulagningu þess. Ábyrgð á lánveitingu samkvæmt skilmálum þessum er háð skilyrðum og til hennar stofnast ekki fyrr en að uppfylltum öllum skilyrðum, þ.m.t. um samþykki Alþingis og að frágengnum og undirrituðum endanlegum skjölum um ábyrgðina.

Lántaki/ábyrgðarþegi:	Icelandair Group hf., kt. 631205-1780 (hér eftir lántaki).
Ábyrgðarveitandi:	Ríkissjóður Íslands, kt. 540269-6459 (hér eftir ábyrgðarveitandi).
Lánveitendur:	Landsbankinn hf., kt. 471008-0280 (hér eftir Landsbankinn) og Íslandsbanki hf., kt. 491008-0160 (hér eftir Íslandsbanki); (Landsbankinn og Íslandsbanki hér eftir sameiginlega lánveitendur).
Tegund ábyrgðar:	Ábyrgð ábyrgðarveitanda er sjálfskuldarábyrgð.
Kröfuréttindi sem ábyrgð tekur til:	Kröfur á grundvelli tveggja samninga um lánalínu/veltilán, annars vegar á milli lántaka og Landsbankans og hins vegar á milli lántaka og Íslandsbanka (hér eftir samningarnir).
Tilgangur lána:	Lán sem ábyrgð tekur til fela í sér rekstrarfjármögnun vegna fjárhagslegrar endurskipulagningar lántaka með þeim takmörkunum sem fram koma í skilmálum samninganna.
Rekstraráætlun:	Lántaki hefur lagt fram rekstraráætlun út árið 2024. Er ábyrgð ríkisins á lánveitingu þessari hluti af fjárhagslegri endurskipulagningu félagsins samkvæmt rekstraráætluninni.
Lánsfjárhæð samninganna:	Samtals allt að USD 120.000.000,- (hundraðogtuttugu milljónir bandaríkjadalir), hér eftir lánsfjárhæðin. Lánsfjárhæðin skiptist jafnt á milli samninganna (50%/50%).
Ábyrgðargjald:	Lántaki skal greiða ábyrgðarveitanda ábyrgðargjald á meðan lánalínan er í gildi sem nemur 0,25% á ársgrunni af ábyrgðarfjárhæðinni. Ábyrgðargjald skal greiðast árlega fyrir fram, fyrst innan 30 daga frá útgáfu ábyrgðar og síðan 30. september ár hvert.

Til viðbótar við ábyrgðargjald er notkunarálag („Utilization fee“) og fer það eftir því hve há fjárhæð er ádregin hverju sinni. Notkunarálag reiknast af stöðu ádráttar í lok hvers mánaðar og fer hækkandi eftir fjárhæð ádráttar, þannig:

- a. Ef samningarnir eru ádregnir USD 0-40 milljónir, þá er notkunarálag 0,75%.
- b. Ef samningarnir eru ádregnir USD 40-80 milljónir, þá er notkunarálagið 0,875%.
- c. Ef samningarnir eru ádregnir umfram USD 80 milljónir af lánsfjárhæð samninganna, þá er notkunarálagið 1,00%.

Annar kostnaður:

Lántaki skal greiða allan útlagðan kostnað ábyrgðarveitanda (þar með talið vegna lögfræðiþjónustu) sem fellur til vegna skjalagerðar, stofnunar veðréttinda og eftir atvikum framkvæmdar eða breytinga á ábyrgðafyrirkomulagi þessu.

Tryggingar:

Til tryggingar skilvísri og skaðlausri endurgreiðslu ábyrgðarþega til ábyrgðarveitanda, komi til þess að á ábyrgðina muni reyna, setur ábyrgðarþegi, og eftir atvikum, dótturfélög þess, að lágmarki að veði, vörumerki sitt, vefslóðir, bókunarkerfi og lendingarleyfi í London og New York (ef unnt reynist að veðsetja þau), eins og nánar verður útfært í sérstökum veðsamningum milli aðila.

Ábyrgðarhlutfall:

Ríkissjóður Íslands mun ábyrgjast 90% af heildarskuld lántaka við lánveitendur samkvæmt samningunum á hverjum tíma.

Skilyrði fyrir veitingu ábyrgðar:

Lántaki skal uppfylla eftirfarandi skilyrði áður en til ábyrgðar getur stofnast:

- a. Að lántaki hafi styrkt fjárhag sinn með árangursríku útboði nýs hlutafjár í samræmi við áform félagsins, en þau gera ráð fyrir að selt verði nýtt hlutafé að lágmarki 20 milljarðar að nafnverði en allt að 23 milljarðar og að hverjum seldum hluta fylgi áskriftarréttindi sem svari til 25% af skráningu nýrra hluta.
- b. Að til viðbótar lánveitingu samkvæmt samningunum hafi lánveitendur opnað að nýju rekstrarlánalínur fyrir lántaka, samtals að fjárhæð USD 52 milljónir. Að skilmálum þeirra lánalína verði breytt þannig að þær haldist opnar á meðan eiginfjárhlutfall lántaka er 8% eða hærra og eigið fé hafi verið hærra en USD 90 milljónir við lok síðasta ársfjórðungs fyrir hvern ádrátt.
- c. Að helstu kröfuhafar og birgjar lántaka hafi samþykkt, með skriflegum hætti breytingar á skilmálum lána þeirra til samræmis við rekstraráætlun félagsins.
- d. Að fyrir liggi undirrituð skjöl um samningana og tryggingar.
- e. Að Alþingi hafi samþykkt heimild til að veita ábyrgð þessa.

Viðvarandi skilyrði ábyrgðar:

Á meðan ábyrgðin er í gildi skal lántaki uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- a. Að öll skilyrði fyrir veitingu ábyrgðar séu virt.
- b. Að höfuðstöðvar móðurfélags og flugrekstrar verði á Íslandi.
- c. Að félagið verði með hlutabréf sín skráð á skipulegan verðbréfamarkað í Kauphöll Íslands, og uppfylli lög og reglur varðandi birtingu upplýsinga um afkomu og rekstur.
- d. Lántaka skal óheimilt að greiða arð, lækka hlutafé eða kaupa eigin hluti, eða gera annað sem felur í sér að fjármunum eða eignum félagsins er ráðstafað til hluthafa eða tengdra aðila.
- e. Að upplýsa ábyrgðarveitanda þegar í stað, ef upp koma þær aðstæður, sem heimila lánveitendum að fella samningana úr gildi og gjaldfella alla útistandandi láns hluta.
- f. Að hafa ávallt fullnægjandi tryggingar vegna rekstrar og eigna.
- g. Að hafa reikningsskil lántaka og dótturfélaga hans í samræmi við alþjóðlegan viðurkenndan reikningsskilastaðal (IFRS).
- h. Að sjá til þess að ársreikningar lántaka séu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda.
- i. Að breyta ekki starfsemi sinni þannig að þörf verði á breytingum á tilgangi félagsins.
- j. Að lánveitendur og fjármögnunaraðilar nýti ekki heimild til gjaldfellingar eða til að flýta greiðslum á láns- eða fjármögnunarsamningum við lántaka, á meðan ábyrgð ábyrgðarveitanda á lánalínunum til lántaka er fyrir hendi.
- k. Semja hvorki við lánveitendur, aðra fjármögnunaraðilar eða birgja um að flýta greiðslum eða aðrar íþyngjandi breytingar á endurgreiðsluskilmálum umfram það sem fram kemur í rekstaráætlun, á meðan ábyrgð ábyrgðarveitanda á lánalínunum til lántaka er fyrir hendi.
- l. Að ekki verði heimilt að draga á samningana ef eiginfjárhlutfall lántaka fari undir 2% eða eigið fé fari undir USD 25 milljónir. Við mat á framangreindu skal leggja til grundvallar mánaðarlegt uppgjör lántaka.

Ábyrgðartími:

Hámarksábyrgðartími skal vera 5 ár, en ádráttartími á undirliggjandi lánalínunum skal ekki vara lengur en til 30. september 2022.

Samningarnir hluti skilmála:

Fylgiskjal 1 með skilmálum þessum eru samþykktir skilmálar fyrir samningana og eru þeir óaðskiljanlegur hluti yfirlýsingar þessarar.

Takmörkun á nýtingu láns:

Lántaka skal eingöngu heimilt að nýta lán samkvæmt samningunum til að standa skil á almennum rekstrarkostnaði sem tengist flugrekstri lántaka til og frá landinu í samræmi við rekstraráætlun félagsins. Til almenns rekstrarkostnaðar teljast m.a. laun og launatengd gjöld, rekstraraðföng, leiga, önnur rekstrartengd gjöld, samningsbundnar afborganir og vaxtagreiðslur í samræmi við rekstraráætlun, olíuvarnir vegna vöru- og þjónustuviðskipta, endurgreiðslur til viðskiptavina, og reglubundið viðhald. Óheimilt er að nýta lánið til fjármögnunar á rekstri, eða ráðstafa því með öðrum hætti, s.s. til dótturfélaga í samstæðu lántaka sem ekki eru í flugrekstri á Íslandi til og frá landinu.

Takmörkun á ádrætti:

Samanlagður ádráttur á samningana á hverju 30 daga tímabili má ekki vera umfram USD 20 milljónir.

Samningar komi síðast inn:

Að lántaki hafi að fullu nýtt, eða komi til með að nýta að fullu á næstu 31 degi, frjálsa sjóði og aðrar lánalínur umfram skilgreinda lágmarkssjóðsstöðu sem er USD 20 milljónir.

Samningar fari fyrst út:

Kveða skal á um í samningunum að lántaka beri að greiða lán skv. samningunum eins fljótt og kostur er og skulu endurgreiðslur af lánunum hafa forgang til 75% af lausu fé hjá lántaka sem myndast í rekstri, („Cash flow sweep“). Fyrirframgreiðsla vegna bættrar stöðu lántaka skal nánar útfærð í samningunum.

Fyrirvarar:

Að samkomulag náist um endanlega skjalagerð og endanlega skilmála samninganna.

Að lántaki hafi afhent, í ásættanlegu formi að mati ábyrgðarveitanda, staðfestingar þess efnis að öllum skilyrðum fyrir veitingu ábyrgðar hafi verið uppfyllt.

Að lántaki hafi afhent, í ásættanlegu formi að mati ábyrgðarveitanda, tryggingar þær sem ábyrgðarveitandi gerir kröfu um í tengslum við veitingu ábyrgðar á lánnum samkvæmt samningunum og skal þinglýsing trygginga/tryggingarskjala hafa verið framkvæmd án athugasemda, þar sem það á við.

Lög og varnarþing:

Um ábyrgð þessa skulu gilda íslensk lög og ef ágreiningur rís um réttindi og skyldur aðila samkvæmt samningunum skal mál vegna þess rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Önnur ákvæði:

Ábyrgðarveitandi áskilur sér rétt til að setja önnur hefðbundin ákvæði og skilyrði í ábyrgðina en tilgreind eru sérstaklega í skilmálum þessum sem og önnur ákvæði eða skilyrði um efni samninganna sem hann telur nauðsynleg og í samræmi við tilgang lánanna og ábyrgðarinnar. Slík ákvæði skulu þó ekki fela í sér verulegar breytingar frá því sem fram kemur í skilmálum þessum.

Trúnaður:

Efni og skilmálar ábyrgðar þessarar eru ekki bundin trúnaði.

Reykjavík, 3. september 2020

F.h. ríkissjóðs